

Alþingi
Erindi nr. P/32/2039
komudagur 3.5.2006

SVÍNARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC PORK PRODUCERS ASSOCIATION DEN ISLANDSKE SVINEAVLSFORENING
TEIGI, 601 AKUREYRI ISLAND
SÍMI/TEL.: +354 463 1352, +354 861 9101, TELEFAX +354 463 1552



Landbúnaðarnefnd Alþingis

Alþingi

150

Reykjavík

Teigi, 2. maí 2006

Efni: Mál nr 740

SFÍ gerir athugasemd við síðustu málsgrein í f. lið 1. greinar frumvarpsins, en þar segir.

“Eftirlitsgjald tekur ekki til greiðslu á öðrum kostnaði við heilbrigðiseftirlit en að framan greinir”

Fyrir ári var lagt fram frumvarp um sama mál og umsögn SFÍ er óbreytt frá því sem þá var. Því er vísað í meðfylgjandi skjöl til að áréttast afstöðu SFÍ.

Þessu til viðbótar er rétt að bæta því við að skv. núverandi lögum (96/1997) ber að greiða eftirlit með sláturafurðum úr svokölluðum eftirlitssjóði burtséð frá því hvort eftirlitið er talið almennt eða sértækt. Í þessu samhengi er bent á niðurstöðu Hæstaréttar í máli Sléttusvíns gegn íslenska ríkinu (mál nr. 213/2005).

Ennfremur er rétt að vekja athygli á reglugerð (336/2005) *um innheimtu gjalds vegna heilbrigðiseftirlits með sláturafurðum*. Hún er frá 23. mars 2005 og ef niðurstaða Hæstaréttar í máli Sléttusvíns gegn íslenska ríkinu er skoðuð má ljóst vera að umrædd reglugerð stenst ekki ákvæði laga. En í reglugerðinni segir m.a.

*“Gjaldið tekur ekki til greiðslu á öðrum kostnaði við heilbrigðiseftirlit en að ofan greinir.
Kostnaður vegna viðbótarsýna eða prófana sem framleiðandi á búi þar sem greinst hefur
smitefni er ógnar matvælaöryggi kann að óska eftir greiðist af viðkomandi framleiðanda.*

Beiðni um viðbótarsýnatökur skal vera skrifleg.”

Þetta ákvæði á sér enga stoð í lögum nr. 96/1997.

Virðingarfyllst,

f.h. Svínaræktarfélags Íslands

Ingvi Stefánsson

Ingvi Stefánsson



Landbúnaðarnefnd Alþingis
b/t nefndarritara Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Alþingi
150
Reykjavík

Teigi 29. apríl 2005

Efni: Mál nr 726

SFÍ gerir athugasemd við e. lið 1. greinar frumvarpsins, en þar segir orðrétt.

“Eftirlitsgjald tekur ekki til greiðslu á öðrum kostnaði við heilbrigðiseftirlit en að framan greinir, svo sem vegna viðbótarsýna eða prófana sem framleiðandi á búi þar sem greinst hefur smitefni er ógnar matvælaöryggi kann að óska eftir. Slíkur kostnaður greiðist af viðkomandi framleiðanda. Beiðni um viðbótarsýnatökur skal vera skrifleg.

SFÍ leggur til að e. liður 1. greinar frumvarpsins verði breytt á eftirfarandi hátt:

Öll viðbótarsýni eða prófanir verði tekin úr opinberum sjóðum.

Greinargerð

Landbúnaðarráðherra skipaði starfshóp sem á árinu 2002 skilaði skýrslu um “*Salmonella* og *Campylobacter* í dýrum og umhverfi á Suðurlandi”.

Þá var jafnframt gefin út geinargerð af Yfirdýralæknisembættinu í október 2003 “*Breytt eftirlit með Salmonella í svínum*”.

Í þessum skýrslum kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Salmonella er víða til staðar í náttúrunni og við það verður ekki ráðið
- Salmonella (Infantis) sem greindist á 6 svínabúum og 2 kjúklingabúum árið 2001 hefur að öllum líkindum komið með fóðri

Af framansögðu má ljóst vera að Salmonella er víðtækt vandamál sem snertir alla þá sem að framleiðsluferli og sölu matvöru koma þ.e. fódursala, bændur, sláturleyfishafa, vinnsalur, smásala og síðast en ekki síst neytendur. Svínabændum finnst því mjög ósanngjarnt að þeir þurfi alfarið að standa straum að kostnaði og/eða tekjutapi þegar Salmonella greinist í þeirra afurðum. Á síðustu árum hefur greinin tapað miklum fjárhæðum vegna Salmonella í svínum og nú er svo komið að þetta er jafnvel að sliga rekstur einstaka framleiðenda. Á sama tíma horfa svínabændur á það hvernig búgrein sem er í samkeppni við þá fær fullar bætur til þess að berjast við sjúkdóm sem þar hefur valdið miklu tjóni. Ekki eru gerðar athugasemdir við það ef hið opinbera vill taka þátt í að útrýma sjúkdómum sem herja á einstaka búgrein, en það er þó krafa svínabænda að allir sitji við sama borð í þessum efnum. Svínabændur telja að þarna sé verið að brjóta jafnræðisregluna.

Virðingarfyllt,

f.h. Svínaræktarfélags Íslands

Ingvi Stefánsson